



## Golfklúbburinn Dalbúi

**5. stjórnarfundur starfsársins 2018 haldinn að Bæjargili 109, Garðabæ, 18. október 2018.  
Fundur hófst kl. 17:00.**

Mætt: Bryndís Scheving form., Ásbjörn Sigurbjörnsson,  
Eiríkur Þorláksson, Hafsteinn Daníelsson.

Forföll boðuð: Böðvar Schram, Ragnildur Bender (varam.)

### **1. Fundargerðir 3. og 4. funda stjórnar lagðar fram til staðfestingar:**

Öll efnisatriði sem tekin voru fyrir á 3. fundi stjórnar hafa verið afgreidd, nema umsókn um niðurfellingu fasteignagjalda. Eins og fram hefur komið í fundargerðum hefur málinu verið fylgt eftir af gjaldkera, en sveitarfélagið ekki svarað síðasta bréfi um efnið. Verður því að líta svo á að sveitarfélagið verði ekki við þessu erindi í ár.

Öll efnisatriði sem tekin voru fyrir á 4. fundi stjórnar hafa einnig verið afgreidd, nema nýting á styrk að upphæð 100 þús.kr. úr umhverfis- og gróður sjóði UMFÍ, sem ætlaður var til flutnings á trjám og gróðursetningar á vellinum í sumar. – Var formanni falið að skrifa UMFÍ og óska eftir að mögulegt yrði að nýta styrkinn árið 2019.

Fundargerðir staðfestar.

### **2. Rekstur sumarsins:**

Stjórnarmenn voru sammála um að lýsa mikilli ánægju með samstarfs við umsjónarmenn vallarins í sumar, sem tekist hafi með miklum ágætum. Sláttur á brautum hafi verið aukinn og batnað eftir því sem á leið og spretta batnaði, m.a. með breikkun brauta, betur slegnum karga þannig að kylfingar týndu síður kúlum o.s.frv. – Þá voru eftir lok golfvertíðar slegin sérstaklega öll karga-svæði milli brauta (t.d. milli 3. og 4. brauta, 5. og 6. brauta, 6. og 7. brauta, 7. og 8. brauta, 9. og 2. brauta o.fl.) og er stefnt að því að umrædd svæði verði slegin sem venjulegur kargi á næsta sumri, sem ætti að auðvelda leik á vellinum verulega frá því sem verið hefur undanfarin ár.

Formaður lýsti rekstri skálans, sem var í hennar höndum:

Aðsókn hefði sennilega verið með minna móti miðað við síðustu ár, og má einkum rekja til óhagstæðs veðurs lengi sumars. Innkoma í skála var um 2,4 m.kr., þ.e. vegna sölu þjónustu og vallargjalda, og var að greiddum kostnaði (nettó) um 1,5 m.kr. (utan launa).

Stjórn mæltist til þess að leitað yrði eftir að hafa reksturinn með svipuðum hætti á næsta ári, og að sem fyrst yrði leitað samninga við umsjónarmenn vallarins um að svo geti orðið.

### 3. Staða fjármála:

Gjaldkeri lýsti fjárhagsstöðunni, sem væri mun betri nú en á sama tíma fyrir ári síðan. Horfur væru á jákvæðu uppgjöri reikningsárs klúbbsins. Félögum fækkaði þannig að nú eru greiðandi félagsmenn innan við sjötíu talsins, en innheimtu félagsgjalda var að mestu lokið í byrjun júní þannig að fjárhagsleg staða félagsins var ljós snemma sumars.

Unnið verður að endanlegu uppgjöri strax eftir að reikningsári lýkur 31. október n.k., en ljóst er að nokkuð fjárhagslegt svigrúm verður til undirbúnings á næsta rekstrarári.

### 4. Verkefni fyrir næsta ár:

Umræða varð um tvo þætti sem vert væri að huga að fyrir næsta ár, þ.e. breytingar á vellinum og nauðsynleg vélakaup.

Í ljósi reynslu sumarsins er nauðsynlegt að endurnýja hluta vélakosts klúbbsins fyrir næsta sumar, þar sem ekki er talið mögulegt að svonefnd karga-sláttuvél dugi eitt ár til viðbótar – og einnig hefur komið fram í samtölum að slíkt endurnýjun tækja kann að vera forsenda þess að umsjónarmenn vallarins í ár taki þá umsjón að sér á nýju ári.

Í sumar voru félögum kynntar hugmyndir um breytingar á vellinum með þeim hætti að teigum yrði fjölgað á öllum brautum, þannig að hægt yrði að leika völinn sem 18. holu völl; einnig voru kynntar hugmyndir um stækkun á flöt 9. brautar og sameining flata 4. og 7. braut, og loks mögulegar breytingar á 1. braut. – Kynningarefni um þessar hugmyndir lágu frammi í skálanum í sumar og voru félagar og aðrir kylfingar áhugasamir um að kynnast þeim nánar.

Stjórnin var sammála um að klúbburinn hefði ekki fjárhagslega burði til að gera hvoru tveggja á sama starfsári, þ.e. að endurnýja tæki og fara í allar umræddar breytingar á vellinum.

Ákvað stjórn að fresta að sinni frekari umræðu um breytingar á vellinum.

Jafnframt var ákveðið að kanna frekar möguleika á nauðsynlegum vélakaupum í vetur, þannig að klúbburinn hefði þegar í vor til afnota nauðsynlegan vélakost fyrir völinn.

### 5. Aðalfundur 2018:

Samþykkt að aðalfundur ársins 2018 verði haldinn fimmtudaginn 29. nóvember n.k. Unnið verði að undirbúningi fundarins með hefðbundnum hætti í samræmi við fundi síðustu ára.

### 6. Önnur mál:

- Aðstaða á tjaldstæði Grafíu: Formaður upplýsti að þeir sem gangi í klúbbinn geti fengið leyfi til að staðsetja hjólhýsi á tjaldstæði Grafíu í Miðdal, sem annars er frátekið fyrir félagsmenn Grafíu. Þessi heimild gæti orðið til að fjölga félögum í klúbbum á næsta ári, miðað við áhuga sem komið hefur fram.
- Formannafundur GSÍ: Formannafundur GSÍ verður haldinn 24. nóvember n.k. og lýsti formaður eftir áhuga stjórnarmanna til að sækja fundinn fyrir hönd klúbbsins.
- Nýting golfskálans í vetur: Lionsmenn á Laugarvatni hafa óskað eftir að fá að halda fundi sína í vetur í golfskálanum. Stjórnin samþykkti að bjóða Lionsmenn velkomna í skálann. Ræddar voru ýmsar hugmyndir um hvernig þeir gætu stutt við starfsemi klúbbsins í staðinn, en engar tillögur samþykktar þar að lútandi.

Fleiri mál ekki tekin til afgreiðslu, og formlegum fundi slitið kl. 18:30.

Næsti fundur stjórnar ákveðinn 14.-22. nóvember n.k.

Eiríkur Þorláksson ritaði fundargerð.